

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2000

frá 10. nóvember 2000

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 97/1999 frá 16. júlí 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/38/EB frá 29. apríl 1999 um aðra breytingu á tilskipun 90/394/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað og rýmkun hennar þannig að hún nái til stökkbreytivalda⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 37, 12.2.2000, bls. 35, skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun ráðsins 1999/38/EB fellir úr gildi frá 29. apríl 2003 tilskipun 78/610/EBE frá 29. júní 1978 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna um heilsuvernd starfsmanna er verða fyrir áhrifum af vinýklóríðeinliðu sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun ráðsins 96/394/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0038:** Tilskipun ráðsins 1999/38/EB frá 29. apríl 1999 (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 66), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 37, 12.2.2000, bls. 35.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 75 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 23.11.2000, bls. 267.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 66.

2. gr.

Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 76/610/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn falli niður með gildistöku frá 29. apríl 2003.

3. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 1999/38/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 37, 12.2.2000, bls. 35, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. nóvember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

